

Ed.

340. Nefndarátt

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta er enginn nýr gestur hjer í háttv. deild. Það barst hingað á síðasta þingi, eins og nú, frá háttv. Nd., og alveg í sama búningi og það nú hefir. En þá var frumvarpið felt hjer þegar í stað frá 2. umræðu með 10 atkv. gegn 1.

Í greinargerð frumvarpsins stendur, að það hafi þá verið felt hjer »athugunarlítið«. Og mun það frekar eiga að skiljast svo, að frumvarpið hafi verið felt hjer umræðu- og nefndarlaust heldur en á þann hátt, að hverjum einstökum þingmanni, sem greiddi atkvæði á móti frumvarpi þessu, hafi ekki verið fullkomlega ljóst, hvað hann með því gerði.

Nú í þetta sinn hefir háttv. deild vísað máli þessu til allsherjarnefndar. Hefir hún athugað frumvarpið og plögg þau, sem því fylgdu, eftir föngum. En við þá sjerstöku athugun hefir meiri hluti nefndarinnar alls ekki getað sannfærst um rjettmæti frumvarpsins, enda ekki um að ræða nein ný gögn, er fram hafi komið frá því í fyrra. Meiri hluti nefndarinnar leggur þess vegna til við háttv. deild, að hún geri frumvarpi þessu sömu skil og á síðasta þingi, eða með öðrum orðum felli það.

Alþingi, 15. april 1925.

Jóh. Jóhannesson,
form.

Eggert Pálsson,
fundaskr. og frsm.